

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0012
LA

Efni: Umsögn um fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda tengdri bættri gufunýtingu í Þeistareykjavirkjun

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 3. apríl 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Landsvirkjunar sem snýr að nýrri byggingu, lagningu safnæða og bættri nýtingu auðlindar til raforkuvinnslu í Þeistareykjavirkjun.

Náttúrufræðistofnun sótti um frest til 10. maí að skila inn umsögn.

Markmið framkvæmdarinnar er að bæta nýtingu háþrýstrar gufu Þeistareykjastöðvar til raforkuvinnslu með því að setja toppvél inn í vinnslurás Þeistareykjastöðvar. Toppvél er bakþrýst hverfilsamstæða sem vinnur raforku úr mismun þrýstings á háþrýstri gufu niður á gufuveitubrýstings. Með uppsetningu toppvélar má bæta uppsett rafafli stöðvarinnar um 20 MWe til allt að 29,9 MWe.

Umhverfismat Þeistareykjavirkjunar upp á allt að 200 MWe gerði ráð fyrir um fjórum vélasamstæðum, hver um sig allt að 50 MWe að stærð. Nú eru í notkun tvær 45 MWe vélasamstæður og gert er ráð fyrir tveimur 45 MWe sambærilegum vélasamstæðum í viðbót og einni allt að 29,9 MWe toppvél. Er því gert ráð fyrir að samanlagt uppsett rafafli verði allt að 209,9 MWe. Framkvæmdin felur því í sér aukningu í rafafli um 9,9 MWe frá því sem áður hefur hlotið mat á umhverfisáhrifum, sem fæst með að nýta betur auðlindina til raforkuvinnslu.

Nú er í gildi virkjunarleyfi fyrir 100 MWe orkuvinnslu að Þeistareykjum en sótt verður um uppfært virkjunarleyfi sem gerir ráð fyrir þremur eimsvalavélum ásamt toppvél. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi fellur fyrirhuguð framkvæmd innan skilgreinds iðnaðarsvæðis.

Sunnan við núverandi skiljustöð er áformað að reisa 1000 m² byggingu yfir toppvélina og verður byggingin um 15 m á hæð. Leggja þarf nýjar safnæðar meðfram núverandi safnæðum á rúmlega 3 km kafla og leggja rafstrengi í jörðu frá toppvél að tengivirki Landsnets.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og telur jákvætt að leitast er við að nýta betur orku jarðvarmans sem kemur úr jörðu án þess að auka upptöku gufu. Fram kemur að engar breytingar verða á vinnslu jarðhitavökva eða grunnvatns Náttúrufræðistofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmda felist í breyttri ásýnd svæðisins vegna byggingar og fjölgun safnæða, en eins og fram kemur í greinargerð er svæðið nú þegar raskað vegna annarra framkvæmda og mannvirkja á svæðinu.



Nýjar safnæðar munu fylgja eldri safnæðum þannig að óverulegt rask verður við lagningu þeirra, en upplýsingar voru ekki um hvort nýjar safnæðar verði álíkar þeim eldri að stærð og gerð. Í greinargerð eru settar fram mótvægisáðgerðir um að nýbyggingar falli vel að umhverfi og staðargróður verður nýttur við frágang á röskuðum svæðum.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin feli ekki í sér alvarleg umhverfisáhrif og sé því ekki matsskyld.

Virðingarfyllst,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

